



ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

NR. 27 — JANÚAR 1984





Útgefandi: ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN
félag íslenskra áhugamanna um fjallamennsku,
pósthólf 4186, Reykjavík, Ísland.

Blað þetta kemur út í byrjun 3ja hvers mánaðar. Efni í það þarf að berast ritnefnd fyrir 1. næsta mán. fyrir útkomu blaðsins.

Stjórn ÍSALP:

Formaður: Guðjón Magnússon,
s. 77723.

Gjaldkeri: Halldór Guðmundsson,
s. 96090.

Ritari: Magnús Guðmundsson,
s. 26357.

Varaformaður: Torfi Hjaltason,
s. 24204.

Meðstjórn: Vilborg Hannesdóttir,
s. 40684.
Róbert Tómasson,
s. 36588.

Ferðanefnd: Guðjón Ó. Magnússon,
Torfi Hjaltason,
Pétur Ásbjörnsson,
Hreinn Magnússon,
s. 20286.

Skálanefnd: Guttormur Þórarinnsson,
form., s. 20466.
Guðjón Ó. Magnússon,
Jón Geirsson, s. 42133,
Jón H. Ólafsson, s. 36082,
Jón Rafnsson, s. 75311.

Ritnefnd: Þorsteinn Guðjónsson,
ábm., s. 32666.
Ólafur Guðmundsson,
s. 79054.

Fræðslunefnd: Torfi Hjaltason,
Helgi Benediktsson,
Arnór Guðbjartsson.

Efnisyfirlit:

Félagslíf	4
Klífa má Snæfell	8
Fréttapistill	9
Páskaferð 1983	13
Nemesis	18
Suðurjöklaferð	25
Þeir fyrstu	28
Skálinn	30
Leiðrétting	30
Tökum í horn	31

Forsíðumyndin:

Kverkfjöll.
Ljóm.: Þór Ægisson.

Útlitshögun og filmuvinna:
REPRÓ – Valgeir J. Emilsson.
Setning og offsetprentun:
FORMPRENT

Frá ritnefndinni

Eins og flestir hafa tekið eftir þá hefur ný ritnefnd tekið við stjórn Ísalp-tímarsins. Og var síðasta blað frumraunin. Útgáfu blaðsins hefur dregist allnokkuð og má kenna ýmsu um, en ritnefndin tekur á sig alla ábyrgð í þeim efnum.

„Klúbbur“ merkir á góðri íslensku félag. Og fletti menn upp orðinu „félag“ í orðabók, þá komast menn m. a. að því að orðið þýðir hópur af fólki sem á einhverjar eignir í sameiningu, þannig að það leggur fram einhverja fjárhæð og fær í staðinn aðild að eignunum.

Þá erum við komnir að fyrsta atriðinu. Til að félag sé til verða menn að borga gjöld, t. d. árgjöld.

En hvað gefur þá klúbburinn til baka af framtaldri fjárhæð? Það gæti t. d. verið aðgangur að húsnæði, blað eða aðgangur að bókasafni. Framhaldið ræðst síðan af félögunum sjálfum, þ. e. a. s. hvort klúbburinn verði aðeins áður greind atriði, fengin fyrir gjöldin, eða hvort hann verði eitthvað meira. Þar er átt við t. d. vettvang fyrir fræðslu, sýningar eða bara kjaftagang um allt og ekkert.

Ljóst er því að styrkur klúbbs ræðst af virkni og fjármagni – sem getur aftur þýtt betra blað, fleiri bækur o. s. frv.

Og menn verða að gera sér grein fyrir að til að fá eitthvað til baka verða menn fyrst að veita (gefa). Næstum eins og með veðrið, til að gott veður geti verið til verður líka að vera til vont veður. – Þú félagi góður ert klúbburinn!

Talandi um eignir, þá er vert að minnst á „skálann“. Uppi hafa verið hugmyndir um að gefast ekki upp, þó að á móti „blási“ í þeim málum. Þá kemur til greina að reisa minni skála og ódýrari, sem yrði reistur á staðnum. Mál þessi eru komnir á skrið og hvet ég félagsmenn til að fylgjast með. Sú litla reynsla sem fékkst af síðasta skála, gaf góð fyrirheit með tilliti til staðsetningar og nýtingar.

Að lokum við ég minna fólk á að senda efni í blaðið. Vegna þess að þessi bæklingur á einnig að þjóna þeim tilgangi að vera miðill klúbbsfélaga og vettvangur til umræðu.

Þorsteinn Guðjónsson.

Félagsstarf

Bárðarbunga – Tungnafellsjökull


Þessi ferð var farin dagana 30. júlí – 2. ágúst 1982. Það hefur farist fyrir að segja frá þessari ágætu ferð hér í blaðinu fyrr en betra er seint en aldrei. Þátttakendur voru 10. Flestir komu í Nýjadal með rútu F. Í. á föstudagskvöld. Farið var með rúttunni í Vonarskarð daginn eftir og lagt í gönguna á Bárðarbungu kl. 1 e. h. frá Hnýflum, sem svo heita. Gengum við svo á Bunguna sunnan Bárðartinds upp bratta og hæfilega sprungna jökulhlíð. Þegar upp á brún Bungunnar var komið í ca. 1900 m hæð snérum við við, enda orðið áliðið dags

og frá brúninni var langur vegur upp á toppinn (2000 m).

Að Hnýflum komum við um 11 leytið og enduðum gönguna eins og við höfðum byrjað hana, með því að vaða Skjálfafljót. Eftir ágæta nótt í tjöldum þar við Hnýflana og droll fram eftir degi gengum við yfir Tungnafellsjökul í Nýjadal og tók sú gang um 6 tíma. Veður var hið besta bæði laugardag og sunnudag, sólskin og blíða.

Til marks um ágæti ferðarinnar má geta þess að ekki er enn ljóst hver var fararstjóri. – M. G.

Tjaldbúðir í Vonarskarði. Ljós m.: Magnús Guðmundsson.



Fréttir af Bratta

Þann 30. apríl síðastliðinn var farið í Botnssúlur til að huga að því sem eftir var af Bratta. Farið var á þremur bílum og flutti einn þeirra vélsleða til að draga saman brak úr skálanum fyrrverandi. Ekið var upp fyrir Svartagil og stigið á skiðin við bílana. Gengu 7 úr hópnunum upp á skiðum en 2 fóru á vélsleðanum vestur fyrir syðstu súlu og upp Súlnadal að skálastæðinu. Í dalnum blasti við ófögur sjón: Brak úr skálanum var dreift frá skálastæðinu niður allan dal. Við tókum til við að safna saman brakinu og eftir þriggja tíma vinnu var allt sjáanlegt brak komið í einn bing um 500 m frá grunninum. Eitthvað af því mun nýtalegt en þó aðeins lítill hluti. Þó ótrúlegt megi virðast þá eru gluggarnir og glerið eitt af því fáa sem er mikið til heilt. Í Súlnadal var sól og breyskuhiti þennan dag og sólbrunnu flestir meira eða minna. Að loknu ætlunarverki ferðarinnar stigu menn á skiði og sleða og renndu sér með mismiklum tilþrifum niður að bílum. Þátttakendur voru 9 og fararstjóri Magnús Guðmundsson.

M. G.

Þórisjökull

Ekki eru allar ferðir til fjár! Ferðin á Þórisjökul var dæmigerð að því leyti til, að veðrið var vægast sagt óhagstætt.

Gerð var tilraun til að komast upp á jökulinn, en það reyndist svo illmögulegt að snúið var við.

Allt uppímótilabb var því látið í friði, en í staðinn fengu menn sér göngutúr þangað til þeir urðu blautir.

Það er alltaf gaman að vera úti!

Fararstjóri var Guttormur B. Þórarinnsson.

Klettaklifurnámskeið

Námskeiðið var haldið á Þingvöllum. Þátttakendur voru sex og komust færra að en vildu þrátt fyrir lélega auglýsingu.

Leiðbeinandi var Snævar Guðmundsson.

Ísklifurnámskeið

Óvenju fáir sóttu ísklifurnámskeiðið að þessu sinni um 20 manns. Boðið var upp á kennslu fyrir byrjendur og lengra komna.

Aðfaranótt sunnudags var dvalið í Strákagili, tilbreyting frá Grýtulingi.

Veður var mjög gott báða dagana og leiðbeinendur voru þeir, Höskuldur Gylfason, Halldór Guðmundsson og Hreinn Magnússon.

Hekla

Ferð á Eyjafjallajökul var breytt í túr á Heklu, vegna veðuraðstæðna. Drunga-legur þokubakki lá á jöklinum en Heklan skartaði sínu fegursta.

Ekið var upp að nýja hrauninu undir Litlu-Heklu og þaðan lagt af stað upp. Þrýðis veður var meginhluta uppgöngunnar, en er upp var komið lagðist þokubakki á toppinn.

Vert er að minnast á sérkennilegt landslag þarna sunnan í Heklunni, þar sem giarnir bræða ofan af sér snjóinn og mynda skemmtilegar andstæður. Þátttakendur voru 12 og var Þorsteinn Guðjónsson skráður fararstjóri.

Þ. G.



Ljós.: Ó. Guðm.

Vinnuferð í Tindfjöll

Farið var frá Grensásveginum eins og venja er uppúr kl. 9, þátttakendur voru 5. Ætlunin var að komið yrði daginn eftir með vistir fyrir veturinn.

Ekta sumarveður var er lagt var af stað, þungskíað og gekk á með skúrum. Ferðin upp að skálanum gekk án verulegra áfalla og var keyrt alveg upp að Efstaskála. Lítið þurfti að ditta að skálanum eða þrifa og hafði verið gengið mjög vel frá honum af síðustu gestum.

Farin var létt síðdegis ganga uppá Haka og Saxa á eftir. Nokkur snjófól var þar efra og virtist hafa snjóað daginn áður.

Daginn eftir var komið frábært veður, stafalogn og heiðskýrt og við sem höfðum komið með skíðin uppá von og óvon ákváðum að fara hina sivinsælu leið á Ými.

Leiðin uppáð klifinu gekk ágætlega

fyrir sig en heldur er það sein farið snjólaust, enda ákaflega stórgrýtt og all mjög laust í sér, en yfir komumst við þó.

Frábært skíðaveður var á jöklinum, nýsnævi alla leið upp að hliðum Ýmis. Farið var upp að sunnan, nokkuð nýstárlega leið er þó hentaði vel fótabúnaði gönguskiðamanna.

Ekki borgar sig að reyna að lýsa útsýninu er upp var komið; það myndi aðeins skemma fyrir.

Stansað var nokkra stund uppi en síðan var skíðað niður að Saxa og sólin sleikt í smá tíma, þennan sjaldgæfa bjarta hlut sem stundum sést hérna sunnan lands. Komið var í bæinn um sex leitið í rigningu og voru flestir nokkuð ánægðir með þessa vinnuferð.

Ólafur Guðmundsson.

Þverártindsegg

Um Verslunarmannahelgina var ferð á vegum ÍSALP, og var stefnan nú tekin á Kálfafellsdalinn og Þverártindsegg.

Lagt var af stað á föstudagskvöldi, og laugardagurinn síðan notaður til að krönglast á bílum inn Kálfafellsdalinn og koma sér fyrir. Þetta gekk með ágætum þrátt fyrir mótmæli skúmanna, sem virtust vera búnir að helga sér töluvert landsvæði innst í dalnum.

Sunnudagsmorgun var síðan lagt upp, ætlunin var að finna einhverja nýja leið á Eggina, og úr varð að reyna að fara upp rásina hægra megin í falljöklinum sem skriður austur úr Egginni. Þar var smá brölt, en allt gekk að óskum. Og

einnig restina af leiðinni, sem lá upp sprunginn jökul.

Á toppnum var staðið hæst upp úr hádegis, og hrópað „vei“.

Ákveðið var að fara sömu leið niður að hluta til en síðan fara vinstra megin við falljökulinn (sem nefndur hefur verið Skrekkur). Þar lenti hópurinn í smá brasi við að komast niður, og þurfti jafnvel að síga. Allir nema einn. Því einn úr hópnum fór niður gil eitt sem reyndist mjög greiðfært, og gæti gil þetta talist hugsanleg normal leið á fjallið.

Niður á tjaldstæðið var svo komið um 10-leytið, og málin síðan rædd fram eftir nóttu.

Þátttakendur voru átta undir styrkri fararstjórn Torfa Hjaltasonar.

Þ. G.

Þverártindsegg. Ljós.: Þorst. Guðm.



Klífa má Snæfell í fyrsta sinn

Islensku Snæfelli eru fleiri en eitt. Snæfell það sem gengur næst gömlu eldkeilunni norðaustan Vatnajökuls, er við Kálfafellsdal í Suðursveit. Á korti er það sagt 1383 metrar yfir sjó, en vísast til er talan frá því um aldamót og ef til vill ekki rétt.

Veðurhamurinn var slíkur þar sem við fimm ÍSALParar stóðum undir hátindinum á páskadag sl. að okkur leist ekkert á að reyna við feikibrattan dranginn (um 100 m) að norðanverðu. Fram að því hafði leiðin líka verið löng og brött að mestum hluta.

„Þið eruð að fara inn í mesta veðravíti landsins“, hafði Fjöltnir bóndi á Hala

sagt þegar hann flutti okkur í búðarstað, á móts við Miðfell í dalnum fjórum dögum fyrir páska. Og vissulega tók stundum í og veðrið ólmaðist með orgelhljómunum í eggjunum. En að mestu leyti höfðum við yfir litlu að kvarta, nema einu sinni þegar frostþerriglásin í pottinum var of þunn. Við nýttum þrjá daga í að kanna aðkomuleiðir að sjálfu Snæfellshorninu, skoða merkilega þverdali (gljúfur) og gang á einn ónefndan og kannski ógenginn tind beint ofan við tjöldin með makalaus útsýni.

Bjartan dag, en snæskafinn og kaldan, fórum við svo inn undir Þverartindseggina (sem er kapituli út af fyrir

Kálfafellsdalur. Ljós.: Hreinn Magnússon.



Snökur. Ljós.: Hreinn Magnússon.

sig á Alpavísu) og inn glæsilegan og þróngan dal sem Ingvar Teitsson lagði til fyrir nokkrum árum að kallaður væri Eggjadalur. Stöðugt hrun úr falljökulum eggjarinnar gerði menn órólega, ekki síst þegar jakahrönglið sendi vænt snjóflóð yfir á okkar hlið svo sáldrið á undan náði fremstu mönnum. Bein leið uppúr Eggjardal á Snæfell var að okkar mati ófær vegna snjóflóðahættu, en er annars langur og mikill – og tæknilega auðveldur – snjóþæfingur, þar til kemur að horninu og stalli þess. Þess vegna var snjóflóðahættan lán í oláni. Við ákváðum nefnilega að reyna suðurhliðar Miðfellsins og gá hvort þaðan næði ekki hryggur inn á Snæfellskúpuna, sem hornið skagar upp úr. Og viti menn, úr þessu varð stórskemtileg, hlykkjött snjóleið með 2–3 íshöftum, verulegum bratta, frábæru útsýni og hæfilegri ó-

vissu, og endaði á hárréttum stað. Maður fann þarna finustu fjallaðastæður og hörkuveður gerði sitt, enda hélt Vatnajökull eljum frá svo bjart var. Nú tók við stuttur hryggur, ísbrekka, söðull og svo langar skriðjökulshliðar upp að horninu, öllu klakabörðu. Við ákváðum að reyna suðvestanmegin í skjóli og klifum yfir jökulgjá (bergschrand) og hrygg þar til við blasti allur Breiðamerkurjökull með fjallgördunum sínum, fjær Öræfajökull, en undir fótum öll Veðurárdalsfjöllin. Þarna tók við fin traversa (hliðarklifur) í ísbrekku, afar langri, niður í dalina fyrir neðan. Í sæmilegu skjóli gerðu menn sér stall og svo kleif einn í einu um 50 m annarrar gráðu leið upp á hárfína smáegg sem krýndi hornið. Það var það! Glæsilegir voru fjallamennirnir varla á fjórum fótum til að fjúka ekki.



Karl og Kerling.
Ljósma.: Hreinn Magnússon.

Á niðurleið reyndum við ekki að fara sömu sporin til baka, enda nærri 10 klst. liðnar frá upphafi ferðarinnar. Við skárum snjóflóðabrekkunar ofarlega beint ofan við Eggjardalinn og komumst á snjólítinn hrygg sem nær niður undir dalbotn, enda langt liðið á daginn, frost meira en áður og snjóflóðahætta líklega nokkru minni en fyrr. Visslega tærði 14 tíma ferðin kátinu manna, en ánægjan yfir að hrata á svona skemmtilega leið á ógenginn tind var til bóta. Stílltur sólardagur á útleið daginn eftir varð goður endapunktur.

Ari Trausti Guðmundsson
Árni Árnason
Hreinn Magnússon
Höskuldur Gylfason
Olgeir Sigmarsson

Fréttapistill

Ísfossar

Grafarfoss var klifin 13. júní af Jóni og Snævari. En fyrr um veturinn höfðu þeir reynt við nýja leið í fossinum. Þeir urðu frá að hverfa þegar íshamar brotnaði í brattasta kafla klifursins. Urðu þeir að síga niður úr grýlukerti og ísfleyg. Veður þennan dag var mjög slæmt.

Utarlega í Brynjudalnum klifu Jón og Snævar 25 m ísfoss, sem að þeirra sögn er sá erfiðasti sem þeir hafa farið. En fyrstu 15 m voru lóðréttir.

NV.-veggur Heiðarhorns

Laugardaginn 16. apríl kleif Jón Geirsson NV.-hlið Heiðarhorns. Var hann einn á ferð, en þetta mun vera í fyrsta skipti sem þessi hlið er klifin. Tók klifið Jón u. þ. b. 1½ klst., sem m. a. innihélt 8–10 m lóðréttan ísfoss og endaði í ísuðum 20 m háum klettum með hengju efst.

Þess má geta að Jón notaði aldrei línu á leiðinni.

Virkið var sólóað í annað skiptið, nú síðast í júní. Þar var á ferðinni Snævar Guðmundsson og notaði hann aldrei línu á leiðinni.

Nokkrir félagar ÍSALP.



ÍSALP merkin

**fást í Skátabúðinni
og á Grensásveginum**

Þau kosta 100 kr.



Öraefajökull. Ljós.: Ó. G.

Öraefajökull – páskar '83

Jón Geirsson og Snævar Guðmundsson héldu uppi Öraefajökul um páskana. Fóru þeir upp á skirdag og bjuggu til snjóholu á Hvannadalshrygg, þar sem þeir gistu um nóttina.

Á föstudaginn langa lögðu þeir til atlögu við Neðri-Dyrhamar, sem hafði aldrei verið klifinn áður. Þetta var ís-klifur í miklum bratta með lóðréttum íshöftum. Tryggingar voru slakar. Klifrið tók rúmlega klst. Síðan þurftu þeir að síga niður á snjópöllum.

Að sögn Jóns og Snævars er þetta mjög alvarlegt klifur, og mun erfiðara en Kirkjan.

En ekki létu þeir félagar staðar numið, heldur héldur rakleiðis út að Kirkjunni, eftir áður ófarinni leið.

Þar hittu þeir fyrir Björgvin Ríkharðsson og Óskar Þorbergs, sem síðan klifu Kirkjuna í samfloti.

Eftir það héldu þeir Snævar og Jón sömu leið til baka, en Björgvin og Óskar fóru uppá Hnjúk og Efri-Dyrhamar. Loks má geta að Björgvin og Óskar höfðu á skirdag klifið áður ófarinn tind, Sveinstind.

Um nóttina fengu Óskar og Björgvin mjög slæmt veður á sig, þannig að tjaldið fauk af þeim.

Að lokum má geta þess að á leið niður mættu Jón og Snævar Björgunarsveitinni Ingólfi á leið á Öraefajökul, en þeir munu hafa snúið við vegna illviðris.

Páskaferð 1983

Skíðaferð úr Hoffellsdal í Fljótshlíð, um Goðheima

Það var haldið af stað laugardag fyrir Palmasunnudag þ. e. 27. mars. Að þessu sinni voru þátttakendur: Þór Ægisson, Guðjón O. Magnússon, Óli Ragnar Gunnarsson og Guttormur B. Þórarinnsson. Til ferðarinnar austur að Miðfelli í Hoffellsdal hafði fengist rúmgóður tveggja drífa Ford Enconoline, enda ekki vanþörf á því; bæði vorum við félagarnir fyrirferðarmiklir, auk þess sem til stóð að aka inn Hoffellsdalinn en það er ekki fyrir mjög lágskreiða bíla.

Auk bílstjórans Guðna Ingimarssonar, var með í förinni austur Hjalti Magnússon, báðir traustir og viljugir ferðamenn.

Af ferðinni austur að Miðfelli er fátt að segja, allt gekk vel, að mestu leyti svona, og náðum við áfangastað skömmu fyrir átta um kvöldið. Þar búa þau Þrúðmar Sigurðsson og Friða ásamt Rúnari syni þeirra. Það er skemmst frá því að segja að móttökurnar voru einar þær bestu sem við munum eftir. Þarna

Tjaldað á Goðabungu. Ljós.: G. Ó. M.





Skálinn. Ljós.: G. Ó. M.

á Miðfelli dvöldum við yfir nóttina.

Sunnudagurinn rann upp. Veður var meinlaust, skýjað og nokkur gola. Að loknum ríkulegum morgunmat hjá hús-freyjunni var lagt af stað inn Hoffells-dal. Þrúðmar bóndi varð okkur til halds og trausts þarna inn dalinn og tókst bíl-stjóranum aksturinn þrýðis vel alla leið inn í dalstafn.

Pegar hér var komi kvöldum við Þrúðmar og strákana, öxluðum byrðarnar og héldum áleiðis upp Fossadalinn. Sem betur fer komumst við tiltölu-lega fljótt í samfelldan snjó, því þyngd byrðanna sagði fljótt til sín. Áætluð brúttóþyngd byrða hvers okkar var á milli 45 og 50 kg og því gott að geta sett hluta í skelina.

Nokkuð bratt er upp úr Fossadalnum og auk þess er hliðarhalli utan í Foss-dalshnúttunni, og fórum við því tvær ferðir með farangurinn þar sem bratt-

ast og erfiðast var. Því næst liggur leiðin yfir í Vesturdal. Austurdalur liggur aftur á móti út að Lambatungujökli, sem væri í sjálfu sér heppilegri gönguleið ef tryggt væri með hjart veður upp á jökli. Að því leyti er Vesturdalsleiðin heppilegri því þar upp af tekur við Goðahryggurinn og er honum fylgt á enda en þar er skáli Jöklarannsóknafélagsins, Goðheimar. Við þóttumst harla ánægðir er við vorum komnir í 1200 m hæð og slógum upp tjaldi, enda var dagur á enda runninn.

Mánudagurinn heilsaði okkur hress í bragði. Um sama leyti og við gæddum okkur á ágætis hafragraut þá bráðnaði þokan sem safnast hafði að okkur kvöldið áður og innan skamms var komið yndislegt veður. Nokkrir okkar töldu sig sjá Goðheima í fjarska, sem hvíta þúst í u. þ. b. 10–12 km fjarlægð.

Þessi dagur reyndist okkur öllum á-

kaflega heitur, þó fór hitinn aldrei upp fyrir sex stiga frost, en sólin bakaði okkur. Við náðum í Goðheima um klukk-an fjögur síðdegis. Skálinn stendur í u. þ. b. 1500 m hæð og var hann svo ísaður að utan að hann líktist meira klettastapa en húsi. Það tók okkur nokkurn tíma að komast inn því ísinn vart allt að því tveggja metra þykkur og alls ekki gott að sjá hvar helst væri að leita inngöngu. Er degi tók að halla dró bliku upp á himininn og veðurstofan sagði frá lægð suður í hafi.

Þriðjudagurinn var sá dagur er við hugðum á skoðunarferð á Grendil og fleiri fjöll, en lítið varð úr því, því nú grúfði yfir okkur þoka mikil og vindur fór ört vaxandi. Um hádegi var komin glórulaus stórhrið og helst hún þann tíma er við dvöldum í Goðheimum. Á tímabili var jafnvel ófært á vatikanið.

Miðvikudagurinn leið því eins og þriðjudagurinn. Á fimmtudaginn var enn sama kófið og fyrr. Á veðurlýsingu mátti þó marka að veður væri gengið niður á láglendi þannig að nokkru neðar á jöklinum mátti vænta skaplegra veðurs. Það var því ákveðið að gera sig kláran til brottfarar upp úr hádeginu, og var haldið af stað skömmu fyrir tvö. Stefnan var tekin ofan af Goðahryggnum norður og austur eftir Eyjabakkajökli. Við hugðumst ná í Hálskofa austur undir Snæfelli þá um kvöldið. Eftir því sem við lækkuðum okkur, þá batnaði


veðrið. Í 700–800 m hæð komum við niður úr þokunni. Hálskofi reyndist okkur ágætur náttstaður þótt þröngur væri.

Í fyrstu dagskímu á Föstudaginn langa vögnuðum við. Veður var hið fegursta. Snæfellið skartaði sínu besta skrauti, sannarlega tignarlegt fjall. Í þann mund er við leggjum af stað tekur að hvesa af norð vestan og er brátt kominn skafrenningur. Skíðafæri var þó mjög gott og saxaðist óðum á síðasta áfanga ferðarinnar. Stefnan var á Laugarfell og þaðan áfram austur eftir Fljótssdalsheiðinni uns við komum á móts við bæinn Kleyf í Fljótssdal. Þar freistuðum við niðurgöngu. Kleyf er í eyði frá því í fyrra svo við gengum út að Egilsstöðum, sem er þarna næsti bær. Þar var okkur veitt hressing sem var vel þegin. Þar á bænum var ákaflega greiðvikinn maður, Gunnar Jónsson að nafni. Hann flutti okkur út á Egilsstaði og í þetta sinn rúmuðumst við allir í litlum Willys-jeppa með allt okkar dót.

Við fengum svo að gista í Glaumbæ sláturhússins uns við tókum Flugvélina morguninn eftir, laugardag til Reykjavíkur.

Alls var þetta um 100 km skíðaganga og bar okkur saman um að hún hefði verið mjög vel heppnuð, en í styttra lagi.

Guttormur B. Þórarinnsson.



Skaliinn.
Ljósni:
Þór Eðisson.

Tindfjöll.
Ljósni:
Þór Eðisson.



NEMESIS

Daginn eftir vorum við í heyskap í Lóninu. Allir vöðvar stífir og maður er eins og undin tuska. Í morgunskímunni blasir fjallið við okkur; skýjamynd á mistruðum grunni, tignarlegt og eins og ósnortið. Rétt eins og ekkert hafi gerst. Og það sem hefur gerst eru ef til vill kaflaskil í lífi manns. En sjálfur er maður bara lítill kall og Hornið stórt fjall. Fjall, sem getur hrist mann af sér eins og ljón, sem slær frá sér flugu. Ég er þakklátur fyrir að það skuli hafa eirt okkur. Klappað okkur á kinnina.

Um hádegi leggst gamalkunnur skýjakúfur yfir Hornið. Og út í hafsauga teygja skýjabólstrarnir sig eins og endalausar raðir af fjallatindum.

Við sneiðum fimlega fram hjá fýlsungunum, minnugir daunillrar reynslu úr Brunnhorninu, og smokrum okkur inn í reykháfinn. Nokkru ofar ákveðum við að byrja að tryggja. Þetta er ekki erfitt, en tilhugsunin um bratta skriðuna fyrir neðan, sem fellur fram af þverhnípi, gerir okkur ofurvarkára. Ég tryggi í snatri utan um stóran stein í reykháfum, Björn skriður undir hann til að skýla sér fyrir grjótinu, sem ég á eftir að ryðja niður, og ég held út á slabið, upp fyrir steininn og aftur inn í skorninginn.

Þar er svo fallet að mér hlýnar um hjartað. Veggirnir eru sléttir og alsettir ávölum útskotum og í botnunum er snyrtileg skriða úr jafnstórum flögum og yfirborðið slétt eins og stöðuvatn.


Ég lyfti mér upp úr skriðunni og spyrdi milli veggja, bæði til að ryðja ekki niður grjóti og til að njóta þess að klifra með stíl á þessum fallega stað. Eftir fjörutíu metra er ég uppi á stórri grasi vaxinni syllu, beint fyrir neðan framhaldið, sem við höfðum stefnt á, og Björn kemur upp. Þetta er huggulegur staður, leiðin virðist greið, við sjáum sólbakaða fjöruna sexhundruð metrum neðar og hvítfissandi öldurnar og okkur liður vel.

Svo leggur Björn af stað. Það gengur hægt hjá honum. Allt of hægt, hugsá ég. En ég segi ekki neitt. Hann setur inn tryggingar. Margar. Svo lemur hann meira að segja inn fleyg. Og samt er hann ekki kominn nema fimm metra. Hvað er maðurinn að hugsa? Ætlar hann að föndra við þetta í allan dag?

„Þú veist af flögunum þarna hægra megin við þig,“ kalla ég. Björn mjakast upp hænufet, lítur ekki einu sinni á flögunar glæsilegu, og setur inn fleiri tryggingar. Þetta virðist vera frekar auðvelt klifur og ég velti því fyrir mér hvort strákur sé eitthvað óstyrkur á taugum. Það væri nú annað en gaman.

Loksins hverfur hann úr augsýn og línan rennur út með jöfnum hraða.

„Fimm metrar eftir,“ óskra ég og fæ eitthvert svar, sem ég skil ekki en læt mig einu gilda. Síðustu metrarnir hverfa og ég kalla hástöfum en fæ ekkert svar. Það er togað í og ég þríla upp í klettinn til að gefa út allt sem hægt er. Ég kalla hvað eftir annað en heyri ekkert nema þytinn frá listflugi múkkanna allt í kring. Seint og um síðir er tekið í línuna og ég hugsá sem svo að þetta hljóti að




Í þrjú ár höfðum við mænt á þetta fjall, ýmist augliti til auglitis eða í huganum. Hvar sem við klifruðum, hvert sem við fórum, höfðum við það sífellt fyrir hugskotssjónum. Tófrandi, ógnvekjandi – eitthvað, sem heillaði okkur, en var um leið óumflýjanlegt. Við ákváðum að nefna leiðina Nemesis, eftir orlagagyðjunni grisku.

merkja að ég eigi að koma og þess utan get ég auðvitað ekki hangið hér í allan dag og talað við fuglana. Þeim virðist líka standa á sama um okkur. Kannski hlæja þeir að okkur í laumi þar sem þeir svífa fyrirhafnarlaust framhjá en við bröltum eins og kóngulær á moldarköggli.

Ég axla bakpokann, leysi upp trygginguna og legg af stað. Ég ætla að vera fljótur að þessu; út í hött að eyða miklum tíma í svona smámuni. Skömmu síðar dingla ég við að losa út fleyginn og kletturinn sem áður virtist lítið brattur og alsettur góðum höldum er nú orðinn lóðréttur í fanginu á mér og höldin horfin veg allrar veraldar. Eftir aðrar fimm mínútur er ég enn á sama stað en búinn að eyða dýrmætum kröftum í

tóma vitleysu. Ég hliðra mér til hægri, finn engin höld, flý aftur til baka og velti því fyrir mér hvernig í ósköpunum Björn hafi farið að þessu. Kraftarnir þverra óðfluga og ég geri mér ljóst, að nú verð ég að hafa mig upp. Ég fikra mig aftur út til hægri, hækka mig um hálfan metra bara til að lenda í enn erfðari aðstöðu. Ofarlega til vinstri er lítill sprunga í þaki sem ég treð fingrunum í, finn eitthvað fyrir hægri höndina, toga mig upp, finn að handleggirnir breytast í heypoka, fingurnir réttast, hægt – ofurhægt – og svo stöðvast tíminn.

Ég svíf um loftið meðal múkkanna, ekki eins og fimur og þeir, en svíf – svíf í óratíma. Nógu lengi til að geta hugsað: ætlar línan ekki að stoppa mig? en ekki nógu lengi til að verða hræddur.



Upphafið. Ljós.: Einar Steingrims.

Klettarnir renna hægt fram hjá mér og svo strekkist línar og swami-beltið tekur mjúklega um mittið á mér.

Ég hangi í svolítinn tíma og hvíli handleggina, man svo að Bjössi veit ekkert hvernig ég er á mig kominn og held af stað. Þegar ég er búinn að krafla mig upp á staðinn þar sem ég datt finn ég aftur að vöðvarnir tregðast við að hlýða mér. Ég kemst með harmkvælum hálfan metra í viðbót og, frekar en að taka flugið á ný, brýt ég odd af oflæti mínu og gríp í sling. Tuttugu metrana sem eftir eru skrið ég frekar en klifra, krumpaður í sálinni og með kjötfars í handleggja stað. Ég kem til Bjössa og reyni að segja eitthvað fallett um klifrið hjá honum og er búinn að grafa allar efasemdirnar um ásigkomulag hans eftir heilan vetur í Kaupmannahöfn yfir bókunum.

Við erum á leiðinlegum stað, hálfhangandi í þröngri gróf, og ákveðum að reyna að finna betri tryggingarstað í nágrenninu. Spölkorn ofar kem ég á litla syllu með þolanlegum tryggingum og tek Bjössa upp. Við göngum betur frá dótinu, græjum rakkinn og ég legg aftur á brattann. Þessi spönn er auðveld og ég fer rólega meðan ég er að safna saman stærstu brotunum úr sjálfstraustinu. Allt í einu, þegar ég gægist upp fyrir stein, blásaklaus og eigandi mér einskis illa von, kemur fyll í fangið á mér, skrönglast í loftið eins og gömul flutningavél og ælir hársbreidd fram hjá mér þar sem ég stend stífur með krampakennd tök á grjótinu. Unginn opnar líka gogginn og þykist ætla að æla á mig, en í staðinn fyrir spýjuna kemur hálft sili út úr honum og situr fast á miðri leið. Ég glotti kvikindislega og held stutta en gagnorða ræðu um ósæmilega hegðun gagnvart friðsömum gestum; vind mér síðan út á flennistöra og gróðursæla syllu með kaskótryggingum og kalla til Björns að koma upp.

Núna sér maður ekkert nema kletta-veggi á báðar hendur, Brunnhornið í fjarska og sjóinn langt fyrir neðan. Brimið eins og gárur í hvítvinsglasinu mínu í fyrradag og ég spyr mig í hundr- aðasta sinn: Einar, af hverju í ósköpunum ertu að þessu? Svárið er svo ófrumlegt, öfugt við það sem alltaf er í bókunum, að ég dreg spurninguna strax til baka.

Það eru tveir deplar hátt uppi í fjallinu, sem skera sig úr umhverfinu. Röndóttir. Núna eru þeir búnir að vera kyrrir á sama stað í óratíma. Þetta virðist vera stór sylla. Skyldi vera mikll gróður þarna uppi?

Á slabinu fyrir ofan okkur er allt útbíað í mosa. Til vinstri endar það í horni og þar er sprunga, sem lofar góðu. Það sýnist okkur að minnsta kosti. Miðja vegu í horninu er stór steinn. Við ákveðum að stefna á hann. Þar fyrir ofan er þak, sem nær út á mitt slabið. Hvað síðan tekur við sjáum við ekki, en vonum að þar séu erfiðleikarnir búnir.

Samt komum við hingað til að lenda í erfiði. Kannski getum við hliðrað okkur yfir í sprunguna hægra megin við slab- ið? Eða pendlað þangað frá steininum?

Bjössi á að leiða næst. Ég prisa mig sælan. Ennþá er ég of tötralegur í sál- inni til að mega við því að lenda í hasar. Hann klárar sig af fyrstu tveim metr- unum, en hann er alls ekki sannfærandi. „Engin höld á helvítis veggnum,“ tautar hann. „Ætlar hann ekki upp?“ hugsa ég. Hann horfir aðgerðalaus í kringum sig. Svo plokkar hann mosa af klettinum,

álíka áhugasamur og þegar maður flettir gömlum Burda-blöðum á biðstofu tannlæknisins. Skyndilega breytist eitt- hvað. Þrjár umfangsmiklar mosatorfur koma fljúgandi niður með stuttu milli- bili, en Björn silast í gagnstæða átt.

Næsta kortérið er loftið fullt af mosa. Múkkarnir vita ekkert hvaðan á sig stendur veðrið. Fyrst skáskjóta þeir tortryggnu hornauga á mosann, en svo halda þeir bara áfram endalauslu flugi sínu og virða hvorki okkur né mosann viðlits. Svífa um í fullkomnu tilgangs- leysi. Kannski er tilgangsleysið eini eftirsóknarverði tilgangurinn í þessu lífi? Ég minnst þess sem frændi minn, Alfred E. Neumann, sagði við Jean-Paul þegar þeir hittust 1968 á kránni við Gare de Lyon í París:

“Who needs a purpose? Only those who can't find anything really worth- while outside the graveyard. Camou-

Björn kemur yfir síðustu hindrunina. Ljós.: Einar Steingrímsson.



flaging the dullness of their everyday struggle. Trying to add color to the various shades of grey overwhelming them. Succeeding, sometimes, in the faking but usually only as far as they themselves are concerned. If you manage to convince others, you're considered a winner."*)

Ég sé Bjössa ekki lengur, en ég veit að hann er einhvers staðar beint fyrir ofan mig. Hann muldrar eitthvað (við sjálfan sig?) um hliðrun til vinstri og þegar lokið af myndavélinni hans lendir í auganu á mér sé ég hann ljóslifandi fyrir mér, faðmandi grjótið með lífið í lúkunum og hjartað í hálsinum. Línan fikrar sig um hendurnar á mér og svo gægist Bjössi út yfir brúnina á steininum fyrirheitna.



„Hvernig lítur framhaldið út?“ kalla ég angistarfullur. Ég tek ekki eftir orðunum þegar hann svarar, en heyri að útlitið er gruggugt. Það er orðið áliðið og ég flýt mér svo að klifra upp til Björns, að ég tek ekkert eftir því hvernig spönnin er, hvað þá að ég njóti klifursins. En ég verð þess áþreifanlega var, að slabið, sem ég ætlaði að hliðra mér yfir, er ekki slab heldur lóðréttur veggur og sömuleiðis sprungan, hinum megin við það. Sem er reyndar engin sprunga heldur lokað horn. Þegar ég veg mig upp á steininn, dinglandi löppunum yfir hyldýpinu, hugsa ég með

mér, að ég hefði ekki gert það svona frjáltslega nema af því að ég er bundinn í spotta sem einhver passar.

Upp af steininum er lítill skúti. Svo tekur þakið við til hægri. Kannski væri hægt að fá eina tryggingu í því. Ef maður gæti þá losað hendurnar. Get ég hangið á þessum lóðréttu vegg með ekkert nema undirtök í þakinu? Og ef ég kemst út á enda, hvað tekur þá við fyrir ofan?

Nú á ég að leiða. Ég er ennþá dálítið smár í sálinni. En ég veit líka, að ég verð að sigrast á einhverjum erfiðleikum hér og nú ef ég á ekki að fara með sjálfstraustið heim í eldspýtustokki. Ég kúpla hræðslunni í frígír, set í lága drifið, hugsa armslengd fram í tímann, gleymi öllu í kringum mig öðru en því að setja upp tryggingar til að geta haldið

Síðasta spönnin. Ljós.: Einar Vilhj.



Mosaslabbið. Ljós.: Björn Vilhjálmsson.

áfram. Ég kem inn þrem stykkjum, misjafnlega traustvekjandi. Björn spyr hvort þetta séu ekki vongóðar tryggingar. Það er brotalöm í hönnuninni; ég bæti við slingi, geri verkfræðilegar athuganir með tilliti til álags á kerfið, úrskurða það í lagi, ákveð að treysta dótinu, er orðinn magnþrota í handleggjunum á hanginu, þríla klaufalega niður á steininn til Björns, dingla höndum.

Svo horfi ég svolítið á þakið og ákveð að geyma það í nokkur ár en reyna að sleppa til vinstri út úr skútanum. Björn talar um hvað það er framorðið og leggur til að við sígum niður sömu leið ef ekkert hafi gengið eftir hálf tíma. Ég get hugsað mér sitthvað skemmtilegra en að síga þarna niður, en samþykki, af því að nú er ég viss um að ég muni hafa þetta. Öllu heldur er ég búinn að jarðsyngja allar aðrar hugmyndir. Ég er

samt ekkert að flýta mér um of. Leyfi kröftunum að seytla aftur út í armana, hugsa með mér að ef til vill hefði ég átt að nota heilann fremur en handleggina á erfiðu spönninni, en það er of seint núna; ég er lerkaður en veitir ekki af öllu sem ég á til; lofa sjálfum mér því að gera nú ekki sömu vitleysuna aftur.

Við skiptum einni appelsínu og svo legg ég af stað. Núna klifra ég varfærnislega og fallega (finnst mér), yfirvega hverja hreyfingu, eyði engu til ónýtis.

Deplarnir tveir hafa mjakast svolítið ofar, en óskaplega hægt. Núna er annar þeirra á syllu en hinn hímir í litlum skúta rétt fyrir ofan. Hvað er hann að gera þarna svona lengi?

Hinum megin við kíkinn eru vinir okkar í fjörunni. Stelpan er að rannsaka fléttur á steinum.

*) Alfred E. Neumann: My booze-ups with French philosophers, 23. bindi, bls. 872, State Hospital Press, Los Angeles, 1975.

Lauslega þýtt hljómar þetta svo:

„Hverjir þarfnast tilgangs? Aðeins þeir, sem ekki finna neitt við sitt hæfi herna megin grafa. Þeir, sem reyna að breiða yfir leiðindi hversdagsamstursins. Reyna að gæða litum grámann, sem umlykur þá. Stundum verður þeim ágengt í blekkingunni, en það tekur yfirleitt ekki til annarra en þeirra sjálfra. Takist manni að sannfæra aðra, er hann alitinn sigursæll í lífsbaráttunni.“

Sjálfur er ég að rannsaka fléttu sjö-hundruð metrum ofar í Kamphorninu. Hún er hvít, eins og sandpappír, en hún molnar þegar maður kemur við hana. Og hún er akkúrat á staðnum sem ég þarf að setja löppina á til að komast út úr skútanum. Eg hreinsa burt það sem ég get, skrið svo aftur inn í skútann eins og snigill í kuðung, hvíli mig. Gólfíð í skútanum hallar niður að utan. Þegar ég stend upp til að teygja mig út þarf ég að spenna mig á milli þaks og gólfs til að halda fótfestunni. Eg sný andlitinu út og halla mér eins langt og ég þori. Fyrir neðan er ekkert. Nema fjaran einhvers staðar. Ef ég dett núna, þá fer höfuðið óhjákvæmilega á undan.

Ég leita að tryggingu. Hef augastað á sprungu, sem er hársbreidd utan seilingar. Geri nokkrar tilraunir til að teygja mig. Græt í hljóði yfir því að ég skuli vera svona stuttur. Næ mér í virhnetu. Teygi mig eins og ég framast

þori, næ með naumindum að smokra hnetunni yfir steininn, á ekkert afgangi til að prófa hvort hún heldur, flý aftur inn í skútann. Slaka á. Ætli Bjössi sé orðinn þreyttur á seinaganginum? Hann segir ekkert.

Svo leggst ég enn einu sinni endilangur í loftið, lauma vinstri fætinum varlega á fléttuna, flyt þungann á hann, vona að ég renni ekki til, lyfti mér upp, sleppi gólfinu í skútanum. Hugsu; það yrði erfitt að snúa við núna. En allt í einu fæ ég höld upp í hendurnar á silfurbakka, meira að segja aðra fótfestu og get staðið í hvíld. Núna sé ég, að steinninn sem ég tryggði á er laflaus og hnetan dinglar á honum. Og þá gerist það. Kvíðinn og óöryggið hverfa út í hafsauga, ég slappa alveg af, mér er andskotans sama þótt ég sé með ónýta tryggingu og hengiflug undir fótum því nú veit ég að ég bregst ekki. Loksins er ég orðinn jafningi múkkanna. Ég get að

vísu ekki flogið, en ég get klifrað. Ég er alveg viss. Ég set upp nýja tryggingu, sem lítur þokkalega út. Metra fyrir ofan mig er brún. Erum einhver höld þar? Er þetta síðasta hindrunin?

Allt í einu tek ég eftir því, að hægri langatöngin er föst inni í lófanum. Ég get ekki sleppt hinni hendinni til að losa fingurinn svo ég legg krumluna á grjótið og þvinga puttann út. Hugsu svo; gæti þetta gerst á viðkvæmu augnabliki?

Mér dettur í hug að setja þínu-hnetu í litla sprungu í augnhæð og stiga sling. Fála svolítið með hnetuna. Þá er hvíslað í eyra mér: Blessaður hættu þessari vitleysu; þú ert þó enginn stiga-klifrari eða hvað? Hengi hnetuna aftur á rakkinn, hækka mig svolítið á litlum höldum, teygi mig upp á brúnina með aðra höndina, þetta er góð brún, hækka fæturna á einhver smáhöld, báðar hendur á brúnina, stoppa andartak, veg

mig upp; ég er kominn. Sléttlendi. Ég get gengið um.


Ég reika um ölvaður. Fimmsta sinfónía Beethovens glymur í eyrum mér. Innan frá. Ég fer út á brúnina og vinka til Bjössa. „Settu inn sprengjuheldar tryggingar,“ biður hann. Ég bind mig í tveggja tonna stein og segi honum að koma. Reyni að halda brosinu frá eyrunum. Tek mynd af stráknum þegar hann gægist yfir brúnina.

Við föðmumst. Gerum upp dótið. Bröltum hundrað metrana sem eftir eru upp á topp. Varlega. Tökum myndir. Fikrum okkur niður klettana vestur af fjallinu. Nú má ekkert gerast. Varlega, varlega, þar til við komum í lygnan sjó.


Svo hlaupum við niður skriðurnar, niður í fjöru og opnum ólívukrúku.

Einar Steingrímsson.

Tæknihornið I.




● Tækninefnd ÍSALP hefur nýverið fengið sendar bráðabirgðafréttir af nýjustu tækninýjungum frá firmanu EXTREM SUPERSOLO. Ekki er



leyfilegt enn að birta ljósmyndir af vörunum. Lauslegar teikningar eru byggðar á tæknilýsingum. Til vinstri er peanut (af piton og nut) á

ensku eða klemmkeilhakensystem á þýsku til notkunar í reykfaklifri. Þá er mynd af ísskrúfunni crevassil á ensku eða Gletcherspalteneis-schrattle á þýsku til notkunar í mjóum jökulsprungum. Loks sést iceron (af ice og iron) á ensku eða Hexen-framenkerzerzange á þýsku. Þessi frábæra töng er höfð í ísfossaklifri til að grípa um grýlukerti meðan verið er að koma tryggingu fyrir. Vörurnar eru væntanlegar í verslanir hirlendis frá Lichtenstein í haust.

Tækninefnd.



Suðurjöklaferð H.S.S.R.

Það er miðvikudagskvöld fyrir páska. Við erum á leið upp í Tindfjallasel, fjórir félagar úr Hjálpar sveit skáta í Reykjavík. Ennþá er meinlaust veður en þegar upp á heiðarbrúnina kemur tekur að hvesa af norðri með skafrenningi. Við drífum okkur áfram til þess að lenda ekki í myrkri og náum í Tindfjallasel í tæka tíð.

Að morgni skírdags rísum við snimhendis úr rekkju því að kominn er Tindfjallasól og logn, í stað „Tindfjallaroks“ kvöldið áður. Étið, pakkað og klæðst í einum grænum og lagt af stað. Ætlun okkar er að ganga hinn svokallaða Suðurjöklaþring, gista á Emstrum og á Fimmvörðuhálsi en ljúka göngunni á Stóru-Mörk. Við göngum sem leið liggur upp í Skíðadal. Þar ákveður Helgi Reynisson að hætta við vegna slæmra meiðsla í fæti, en við Ágúst Guðmundsson og Árni Alfreðsson höldum áfram og göngum á Ými í bliðviðrinu en rennum okkur síðan niður dalskoruna sunnan Ásgrinda og göngum í gangnamannakofann við Markarfljótsbrú. Klukkan er að nálgast sjö og við snæðum kvöldverð, sólþrenndir og lúnir eftir daginn. Seinna um kvöldið heyrum við skarkala frammi í fordyri. Okkur bregður í brún því að við höfðum ekki vænst mannaferða. Skóllóttur maður og þrekinn með blóðrispu á kinn vindur sér inn á gólf. Útilegumaður?! Nei, aðeins ferðalangur sem er að koma neðan af Einhyrningsflötum ásamt tveimur félögum sínum og hafði hrasað á leiðinni.

Veður er stillt en skýjað á morgni föstudagsins langa. Þrír menn ferðbúast við gangnamannakofann en sá fjórði ljósmyndar þá og kveður þá með virkum er þeir skíða af stað með þungar þotur í eftirdragi. Þeir fara til austurs, sunnan undir Hattfelli og Stórkonufelli en síðan til suðurs í gegnum skarðið á milli Mófells og Mófellsnausa og niður að Merkurjökli. Þar hefja þeir langa og fremur tilbreytingarlitla göngu yfir Mýrdalsjökul í þoku og lélegu skyggni. Klukkutímum saman þramma þeir áfram eins og vélar, sjáandi ekkert nema næstu þotu fyrir framan og gráhvíta sortann.

Síðdegis rennum við okkur niður úr þokunni, niður á Fimmvörðuháls með Gústa og áttavítann í fararbroddi. Við stöldrum við og reynum að ná sambandi í bæinn en árangurslaust. Ég pakka talstöðinni niður í pokakjattann sem ég hef undir dagsútbúnaðinn og geng í húmátt að Gústa og Árna sem komnir eru um tuttugu metra á undan mér. Þá reka þeir skyndilega upp rokna hlátur og pata og benda út í loftið. Ég sný mér við og sé þá, mér til mikillar skelfingar, að ég hef gleymt þotunni um tíu metrum fyrir ofan mig. Af þessu má sjá hve geysilega hentugt er að nota þotur undir farangur. Maður tekur hreinlega ekki eftir því að maður hafi 25 kíló í eftirdragi! Eftir að hafa endurheimt þotuna rennum við okkur niður í skála. Við erum þreyttir eftir að hafa verið á ferðinni í tólf tíma en jafnframt ánægðir

Því að nú er sá hluti leiðarinnar sem við vorum í mestum vafa um að baki. Veðurspáin hljómar ekki vel um kvöldið, hvöss austan eða suðaustan átt, en þó ekki það illa að við teljum hættulegt að leggja á jökulinn. Mér list ekki á blikuna því að ég er að drepast úr særum á fótunum og er jafnvel að hugsa um að fara niður morguninn eftir. Gústi er í vafa vegna spárinnar en Árni vill ólmur bruna áfram.

Um morguninn er skyggni gott og það verður ofan á að leggja í ann. Skórnir eru kaldir og harðir og ég veina þegar ég treð fótunum ofan í þá en eftir skamma göngu eru særin hætt að angra mig. Ég er fegnari en orð fá lýst. Í um 1200 metra hæð gerast veður válynd. Kominn er austan stormur með skafrenningi og byl. Um þrjú leytið erum við á hámundi en höldum síðan í vestur undan rokinu. Nú er ókostur að vera

með þotur því að þær velta og snúast vegna vindsins og farangurinn losnar en fýkur síðan úti veður og vind. Á þennan hátt misstum við tjald og dýnu. Við rennum á ofsahraða niður brekkurnar vesta Goðasteins, jafnt á maganum sem á skiðunum. Árni fær slæma byltu og brýtur kjálkana á þotunni en honum tekst að drösla henni áfram með handafli. Við gefumst fljótlega upp á því að vera á skiðunum og reyrum þau á þoturnar. Veðrið fer versnandi. Ég fýk um koll, stand upp, þotan veltur, öskra á strákana. Við verðum að halda hópinn því að skyggni er aðeins nokkrir metra. Við lendum ofan í gili og sjáum okkur þann kost vænstan að grafa okkur snjóhús. Það gengur vel og við erum komnir í poka um klukkan sjö. Árni, smali og sumarvinnumaður á Stóru-Mörk, segir okkur stadda í Illagili austan Helluhnúks. Okkur er hlýtt og þrimusinn er

Greinarhöfundur. Ljós.: Ó. G.





FÉLAGAR!

Skrifið í Alpatímaritið, sendið myndir eða bara eitthvað er viðkemur fjallamennsku. Efnið er hægt að senda í pósthólf klúbbsins nr. 4186.

Eða bara hafa samband við meðlimi ritnefndar.

farinn að mala en veðrið hamast fyrir utan. Við hlustum á páskadagskrá útvarpsins og syngjum ættjarðarlög. Við eigum góða vist um nóttina og þegar við skreiðumst út á morgni páskadags er veður orðið mun skárar, austan kald og lítillsháttar skafrenningur. Á leiðinni niður dregst ég dálítið aftur úr vegna þess að í einni af byltunum daginn áður hafði ég snúið á mér hnéð. Skyndilega heyrir ég hvísl fyrir aftan mig og sný mér eldsnöggt við. Ekkert! „Er ég orðinn svona slappur?“, hugsa ég með sjálf-

um mér. „Nei, þetta var allt of greinileg mannsródd“. Nú kemur það aftur: „F.B.S. 10 kallar F.B.S. 3“. Talstöðin! Ég hef gleymt að slökkva á henni í gærkvöldi. Hvílikur léttir. Við erum komnir niður að Stóru-Mörk um hádegisbilið og njótum þar fráberrar gestrisni heimafólks.

Vorprófin nálgast og í rauninni ætti ég að vera taugaóstyrkur, en ég get það ekki, því að það eru svo lítilmótlegt miðað við ferðalag sem þetta.

Ari Trausti Guðmundsson:

Peir fyrstu

Í afmælisritinu svonefnda (nr. 25) voru birt dagbókarbrot Guðmundar frá Miðdal frá fyrsta Fjallanámskeiðinu í Kerlingarfjöllum 1939. Til er ljósmynd af þátttakendum námskeiðsins. Hún birtist fyrir nokkrum árum í ÍSALP-ritinu en þá án þess að menn væru nafngreindir. Nú hefur tekist, með hjálp Þórarins Guttormssonar og Lydiu Pálsdóttur, að þekkja flestalla.

Aftari röð frá vinstri til hægri:

Ónafngr. gestur; Hollendingur, sem gekk undir nafninu Óðinn (Odin); Ingólfrur Guðbrandsson (starfsm. Fálkans);

Viðar Thorsteinsson; Sveinn Einarsson (veiðimálastjóri); Jón Oddgeir Jónsson (erindreki SVFÍ); Baldur Ásgeirsson (mótasmiður) og Guðmundur Sigmars-son (símvirki).

Fremri röð frá vinstri til hægri:

Þýskur þátttakandi (nafn óþekkt); Einar Guðmundsson (sonur Guðm. frá Miðdal); Dr. Rudolf Leufelt (aðalkennarinn, austurrískur); Krapp (þýsk kona); Guðmundur frá Miðdal; Lydía Pálsdóttir (leirkerasmiður) og Gunnar Guðmundsson (framkv.stj. Sinfóníu- hljómsv. Íslands).



Styrktaraðilar

Bikarinn sf.

Skólavörðustíg 14, s. 24520 eða 17054

Múlakaffi

Hallarmúla, s. 37737

Teigabúðin

Kirkjuteig 19, s. 32655

Rafkraft hf.

Grensásvegi 5, s. 81750

Formprent

Hverfisgötu 78, s. 25960

Radíóbúðin

Skipholti 19, s. 29800

Pálmason og Valsson

Klapparstíg 16, s. 27745

Rakarastofan Dalbraut

Dalbraut 1, sími 86312

Ari Trausti Guðmundsson:

Um ísklifur, gráðukerfi o. fl. – leiðrétting



Í grein minni um ísklifur, gráðukerfi og fleira smálegt var meinleg setning-
arvilla. Þar segir á bls. 19:

„Mín tillaga er þessi: Segjum frá klifurlengd (læna o. s. frv.), lengd leiðar í hæðarmetrum, . . .“


Klifurlengd á að vera klifurlendi, eða eins og sýnt er í dæmi í greininni: **Kistufellshorn:** Brekka (Læna, 350 m, II, HÍ. 1.

Reyndar eru allt of margar prent-
villur í ÍSALP-ritinu. Skerpið yfirlest-
urinn, ritnefndarmenn!

Vonda villu á ég svo sjálfur í sömu grein. Mynd nr. 3 er af tryggingu í ís með tveimur skrúfum. Til að spara rúm hef ég ekki gætt þess að hafa átaks-
hornið í lykkjuna (sem þrædd er um skrúfurnar) rétt. Á myndinni er það einar 120°. Slíkt veldur nærri tvöföldu átaki á skrúfurnar. Ef hornið er 30°–50° deilist átakið á skrúfurnar. Og það er vitaskuld tilgangurinn með lykkjunni – sjá mynd. Ég bið forláts.



VÖRUR SEM VANDAÐ ER TIL



Blacks
of Greenock

ultimaté

Paraboot - Galibier



Kastinger

SKÁTABÚÐIN

SÉRVERSLUN
FYRIR
FJALLA- OG
FERÐAMENN.

SNORRABRAUT 58 SÍMI 12045

Rekin af  Hjálparsveit Skáta Reykjavík